

Nr. 21/1907:

Guðmundur Eiríksson og
Guðmundur Bjarnason
gegn
Bjarna Sigurðssyni.

D ó m u r :

Bændurnir Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum og Guðmundur Bjarnason í Hjarðardal höfðuðu mál þetta í héraði gegn hinum stefnda, húsmanni á Ísafirði, Bjarna Sigurðssyni, til greiðslu á andvirði fyrir kúfisk, er þeir töldu að hann hefði fengið hjá þeim vorið 1906, og ætti ógreitt af andvirði hans 52 kr. Var málið dæmt af aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar 16. febr. þ. á. á þá leið, að stefndi var dæmdur til að greiða áfrýjendunum 32 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi; málskostnaður var látinn falla niður, en orðin »mesta uppspunadella« í varnarskjali stefnda fyrir aukaréttinum voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hafa þeir Guðmundur Eiríksson og Guðmundur Bjarnason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. apríl þ. á., og hafa þeir krafist þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim alla upphæðina 52 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, að hann verði sektaður fyrir hin tilgreindu ummæli í varnarskjalinu í héraði, svo og fyrir að mæta eigi á sáttafundi, og loks að hann verði dæmdur til að greiða málskostnaðinn í héraði að skaðlausu, en fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi Bjarni Sigurðsson hefir af sinni hálfu krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá undirrætti ex officio, en til vara, að hinn áfrýjaði

dómur verði staðfestur, og hvernig sem málið annars fer, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefnda málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Stefndi álitur, að það eigi ex officio að vísa málinn frá aukaréttinum, og þar af leiðandi dæma undirréttardóminn ómerkan, fyrir þá skuld, að málið hafi eigi verið lagt löglega til sátta, með því að birting sáttakærunnar hafi eigi verið lögum samkvæm. En þar sem stefnuvottarnir hafa vottað, að þeir hafi birt kærana á heimili kærða fyrir nafngreindum kvenmanni, »er nú á þar heima«, og kærði hefir kannast við það, að hann síðar, er hann kom heim, hafi fengið tilkynningu um birtinguna, verður birtingin að álitast lögmæt, sbr. N. L. 1—4—4. Frávísunar- og ómerkingarkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina.

Að því er aðalefni málsins snertir, skýra áfrýjendur svo frá, að þeir í maímánuði 1906 hafi látið stefnda fá kúfisk fyrir 92 kr. og að hann hafi 5. apríl borgað upp í kúfiskinn 10 kr., og aftur 16. maí 30 kr. Telja þeir því að eftir standi 52 kr., og er það dómkrafa þeirra. En stefndi hefir haldið því fram, að hann hafi enn fremur greitt öðrum áfrýjandanna, Guðmundi Bjarnasyni, 20 kr. upp í kúfiskinn, er eigi hafi komið til reiknings, og að þessi greiðsla hafi farið fram um eða fyrir 20. apríl f. á. Áfrýjendur hafa að visu mótmælt því, að þessar 20 kr., »sem hér um ræðir, væru málinu óviðkomandi«. Það er þó sannað í málinu með vitnaleiðslu, að greiðsla þessara 20 kr. hefir fram farið, og með því að þeirra er eigi getið í reikningi áfrýjandanna og á hinn bóginn eigi leidd rök að því, að þeir hafi haft önnur viðskifti við stefnda vorið 1906 en kúfiskviðskifti-

in, sem mál þetta er risið af, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefir talið áminstar 20 kr. greiðslu upp í kúfisksskuldina og dregið þær frá kröfu áfrýjendanna; geta þeir því eigi fengið dóm fyrir hærri upphæð en 32 kr., eins og aukarétturinn hefir dæmt þeim.

Þar sem áfrýjendur krefjast þess, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir að láta fyrirfarast að mæta á sáttafundi, ber þess að geta, að stefndi hefir ómótmælt borið það fram, að honum, er eigi var heima, er kærán var birt, hafi verið sagt rangt til um sáttafundartímann, og hafi hann því komið á fundarstaðinn klukkutíma of seint. Eftir þessari skýrslu hans, sem þykir verða að taka til greina, er eigi ástæða til að sekta hann fyrir það, að hann eigi mætti á sáttafundinum. Þá þykir eigi heldur vera ástæða til þess, að taka kröfu áfrýjenda til greina um sektir á stefnda fyrir framan tilgreind ummæli í varnarskjali hans í héraði, og þykir hitt nægja, að þau eru dæmd ómerk.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans, og eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 12 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjendurnir Guðmundur Eiríksson og Guðmundur Bjarnason greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 12 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.